



Fundargerð

Fundur sveitarstjórnar Skaftárhrepps, haldinn á skrifstofu sveitarfélagsins, mánudaginn 16. janúar 2006 kl. 19⁰⁰.

256. fundur, 1. fundur ársins.

Árni Jón Eliasson, oddviti, er fjarverandi og setur Jóna S. Sigurbjartsdóttir, varaoddviti, fundinn í hans stað og stýrir fundi. Sverrir Gíslason, 1. varamaður A-lista, situr fund.

Fundargerð tölvuskrað af sveitarstjóra.

I. Sveitarstjóri og oddviti greina frá úrvinnslu mála frá síðasta sveitarstjórnarfund.

Til umræðu voru atvinnumál í sveitarfélaginu, núverandi staða og möguleg uppbygging í ljósi vaxtar í ferðaþjónustu og stækkunar þjóðgarðsins í Skaftafelli.

Fram kom að sveitarstjórn hefur sent erindi til samgönguráðherra, þar sem óskað er eftir fundi til að fjalla um fram komna ósk sveitarstjórnar um að nýr vegur inn að Lakagígum verði skilgreindur sem þjóðgarðsvegur og að Vegagerðinni verði sem fyrst falið að gera útfærðar tillögur um vegstæði og kostnaðarmeta valkosti. Jafnframt hefur verið farið fram á að strax á næsta sumri verði hafist handa við uppbyggingu vegarins, þannig að hann verði sem fyrst fær öllum bílum að sumarlagi. Sveitarstjórn leggur áherslu á að bætt aðgengi og uppbygging vegna þjóðgarðs hefur gríðarlega mikla þýðingu í atvinnulegu tilliti. Jafnframt hefur sveitarstjórn farið fram á liðsinni ráðherra við þá sanngjörnu kröfu að upplýsingaþjónustan á Kirkjubæjarklaustri hljóti árlegan styrk til starfsemi sinnar, eins og fjölmargar sambærilegar upplýsingaþjónustur á landinu.

Einnig var rætt um málefni gestastofu fyrir þjóðgarðinn og fyrirbyggjandi hugmyndir um að koma upp eldvirknisafni á Kirkjubæjarklaustri. Sveitarstjórn leggur ríka áherslu á að umhverfisráðuneytið og stofnanir þess tryggja fjármagn til þeirrar uppbyggingar sem snýr að hinu opinbera og nauðsynleg er vegna tilkomu þjóðgarðsins.

II. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu.

1. Beiðni Kennaraháskóla Íslands um leyfi til að starfa að rannsóknum um náttúrufræði- og tæknimenntun í samstarfi við skólastjóra Kirkjubæjarskóla, dags. 15. desember 2005.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við fyrirhugaðar rannsóknir fyrir sitt leyti og vísar erindinu til skólastjóra Kirkjubæjarskóla.



Skaftárhreppur 8509

Klausturvegur 15 - 880 Kirkjubæjarklaustur

Sími 487 4840 – Myndsendir 487 4842 – Netfang klaustur@klaustur.is – Kennitala 480690-2069

2. Gjaldskrá fyrir sorphreinsun í Skaftárhreppi.

Tillaga að nýrri gjaldskrá lögð fram. Tillagan er samþykkt en fyrir liggur samþykki Heilbrigðisnefndar Suðurlands. Ný gjaldskrá gildir fyrir árið 2006 og skal send Umhverfissráðuneyti til undirritunar fyrir auglýsingu í Stjórnartíðindum.

3. Fasteignamál.

Málefni fasteignar sveitarfélagsins í Lambaskarðshólum voru til umræðu.

Í ljósi fyrirbyggjandi bréfa frá stjórn veiðifélags Skaftártungumanna, dags. 15. janúar 2006, og sameiginlegs bréfs stjórnar Veiðifélags Skaftártungumanna og fjallskilanefndar Skaftártungu, dags. 15. janúar 2006, óskar sveitarstjórn eftir að skipaður fasteignahópur fundi á allra næstu dögum með báðum stjórnunum ásamt rekstraraðila síðasta árs og eiganda húsa á stöðuleyfum á svæðinu.

4. Þriggja ára fjárhagsáætlun, 2007-2009, síðari umræða.

Á tímabilinu er áætlað að ljúka byggingu íþróttamiðstöðvar, þ.e. sundlaugar og þjónustubyggingar, auk þess sem lokið verður við byggingu lokaáfangna Klausturhóla. Á seinni hluta tímabilsins dregur verulega úr fjárfestingum. Öll ár áætlunarinnar er gert ráð fyrir jákvæðri rekstrarafkomu en óverulegar breytingar eru áætlaðar á rekstrinum á milli ára.

Þriggja ára áætlun samþykkt samhljóða.

III. Fundargerðir til samþykktar.

1. Fundur fjallskilanefndar Álftaversafréttar, dags. 20. nóvember 2005.

Vegna fjárhagstalna er vísað til samþykktar fjárhagsáætlunar sveitarfélagsins vegna ársins 2006.

Fundargerðin samþykkt.

2. Fundur fjallskilanefndar Skaftártunguafréttar, dags. 13. desember 2005.

Fundargerðin samþykkt.

3. 20. fundur æskulýðs- og íþróttanefndar, dags. 19. desember 2005.

Fundargerðin samþykkt.

4. 14. fundur stjórnar Félagsþjónustu Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu, dags. 20. desember 2005.

Fundargerðin samþykkt.

5. Fundur fjallskilanefndar Landbrots- og Miðafréttar, dags. 27. desember 2005.

Fundargerðin samþykkt.

6. 9. fundur náttúruverndarnefndar Skaftárhrepps, dags. 7. apríl 2005.

Fundargerðin samþykkt.



Skaftárhreppur 8509

Klausturvegur 15 - 880 Kirkjubæjarklaustur

Sími 487 4840 – Myndsendir 487 4842 – Netfang klaustur@klaustur.is – Kennitala 480690-2069

7. 10. fundur náttúruverndarnefndar Skaftárhrepps, dags. 6. nóvember 2005.
Vegna liðs 1. í fundargerðinni vísar sveitarstjórn til samþykkrar fjárhagsáætlunar sveitarfélagsins vegna ársins 2006. Vegna liðs 3. í fundargerðinni óskar sveitarstjórn eftir því að nefndin skoði mögulegar leiðir við útgáfu á nýjum gönguleiða- og kynningarbæklingi fyrir Skaftárhrepp.
Fundargerðin samþykkt.
8. Fundur í atvinnumálanefnd Skaftárhrepps, dags. 28. nóvember 2005.
Atvinnumálanefnd telur ákjósanlegt að ráðinn verði atvinnu- og ferðamálafulltrúi, m.a. til að móta stefnu í ferðaþjónustu og atvinnumálum í Skaftárhreppi, eða að öðrum kosti að uppfæra stefnumótum í ferðaþjónustu fyrir Skaftárhrepp.
Hvorki var gert ráð fyrir fjárframlagi frá sveitarfélaginu til ráðningar atvinnu- og ferðamálafulltrúa né til uppfærslu stefnumótunar í ferðaþjónustu fyrir Skaftárhrepp í fjárhagsáætlun fyrir árið 2006. Sveitarstjórn hefur tekið þá ákvörðun að biða eftir niðurstöðu vinnuhóps um Vaxtarsamning fyrir Suðurland áður en stefnumarkandi ákvarðanir verða teknar í þessum málum. Niðurstöðu þeirrar vinnu er að vænta á næstu vikum. Eins væntir sveitarstjórn mikils af framgangi NEST verkefnisins.
Að öðru leyti er fundargerðin samþykkt.
9. 11. fundur náttúruverndarnefndar Skaftárhrepps, dags. 5. desember 2005.
Vegna liðs 1. vísar sveitarstjórn til liðs II.5 í fundargerð sveitarstjórnar nr. 246 frá 16. mars 2005.
Fundargerðin samþykkt.

IV. Fundargerðir til kynningar.

1. 45. fundur Barnaverndarnefndar Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu, dags. 8. desember 2005.
2. 390. stjórnarfundur SASS, dags. 16. desember 2005.
3. Fundur áhugahóps um eldfjallamiðstöðvar/jarðeldasýningar, dags. 28. desember 2005.
4. 391. stjórnarfundur SASS, dags. 5. janúar 2005.

V. Annað kynningarefni.

1. Drög að stefnumótun heilbrigðisstofnunar Suðurlands 2006-2010.
2. Bréf frá Kára Kristjánssyni, samstarf um málefni náttúruverndar og ferðaþjónustu.
Sveitarstjórn þakkar Kára bréfið og væntir góðs samstarfs um málefni náttúruverndar og ferðaþjónustu á komandi árum.
3. Úttekt Vinnueftirlits í slökkvistöð og sorporkustöð, dags. 22. nóvember 2005.
4. Bréf frá UST, endurgreiðsla vegna refaveiða – aukið hlutfall úr 30% í 50%, dags. 9. desember 2005.
5. Bréf frá UST, endurgreiðsla vegna minkaveiða – aukið hlutfall úr 30% í 50%, dags. 9. desember 2005.



Skaftárhreppur 8509

Klausturvegur 15 - 880 Kirkjubæjarklaustur

Sími 487 4840 – Myndsendir 487 4842 – Netfang klaustur@klaustur.is – Kennitala 480690-2069

6. Bréf frá félagsmálaráðuneytinu, fjárhagsáætlun, dags. 14. desember 2005.
7. Bréf frá UST, til starfsleyfis skyldra fyrirtækja vegna váttryggingar og viðbragðsáætlunar, dags. 19. desember 2005.
8. Bréf frá Atvinnuþróunarsjóði Suðurlands, upplýsingar um framlög sveitarfélaga til sjóðsins árið 2006, dags. 20. desember 2005.
9. Bréf frá félagsmálaráðuneytinu, Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, dags. 21. desember 2005.
10. Bréf frá félagsmálaráðuneytinu, reglugerð um fasteignaskatt, dags. 27. desember 2005.
11. Bréf frá FOSS, kynningarefni til sveitarstjórna, dags. 3. janúar 2006.
12. Bréf frá Varasjóði húsnæðismála, breyting á lögum og reglugerð um Varasjóð húsnæðismála, dags. 4. janúar 2006.
13. Bréf frá félagsmálaráðuneytinu, húsaleigubætur, dags. 5. janúar 2006.
14. Bréf frá félagsmálaráðuneytinu, uppreiknuð tekju- og eignamörk vegna félagslegra leiguíbúða, dags. 5. janúar 2006.
15. Bréf frá UST, gerð svæðisáætlana sveitarfélaga um meðhöndlun úrgangs, dags. 5. janúar 2006.
16. Bréf frá SAMFLOT bæjarstarfsmanna, ályktun formannafundar Samflots bæjarstarfsmannafélaga, dags. 10. janúar 2006.

VI. Samþykkt fundargerðar / fundarslit.

Fundargerð lesin, samþykkt og árituð. Fundi slitið kl. 22:55.

Jóna Sigurbjartsdóttir

Ragnar Jónsson

Kjartan Magnússon

Sveinbjörg Pálsdóttir

Sverrir Gíslason

Þorsteinn M. Kristinsson

Heiða G. Ásgeirsdóttir